

Forsíða » Vindómar » Rauðvín » Poggio Badiola 2012

Poggio Badiola 2012

Poggio Badiola er rauðvín frá Toskana á Ítalíu. Það er framleitt af Mazzei-fjölskyldunni (sem á hið fræga vínhus Castello di Fonterutoli) úr þrúgum frá Chianti Classico. Vínið er hins vegar blanda af þrúgunum Sangiovese (70%) og Merlot og flokkast því sem IGT Toscana en ekki Chianti Classico.

Engu að síður hefur vínið að mörgu leyti einkenni Chianti-vína. Ferskur, bjartur, svolítið kryddaður rauður berjaávöxtur, rífsber, bláber, skógarber. Nokkuð kryddað og með þessu undursamlegu sýru sem svo oft er einkenni góðra ítalskra rauðvína, lyftir þeim upp, gerir þau lifandi og fersk og að frábærum matarvínunum. Áfskaplega heillandi vín fyrir góðan ítalskan mat, s.s. **þessum frábæra ítalska kjúkling sem þið finnið uppskrift af hér.**

2.695 krónur. Frábær kaup á því verði og vínið fær hálfu auka stjörnu fyrir samspil verds og gæða.

